

POST- OG FJARSKIPTASTOFNUN
Dags. móttöku: 17.04.2012
Athent til: BE
Bréfalykill:
Málsnúmer:

ÚRSKURÐARNEFND FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

AFRIT

Lýðræðishreyfingin

Jón P. Líndal/Ástþór Magnússon

Vogaseli 1

109 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2012.

Þann 12. janúar sl. barst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála erindi Lýðræðishreyfingarinnar til innanríkisráðuneytisins, dags. 9. janúar 2012. Framsendi ráðuneytið erindið til úrskurðarnefndarinnar, á þeim grundvelli að það hefði að geyma stjórnslukæru vegna framkvæmdar Póst- og fjarskiptastofnunar á uppboði á útvarpstíðninni FM 100,5 sem fram fór þann 30. desember 2011. Í bréfi ráðuneytisins til úrskurðarnefndar, dags. 10. janúar 2012, er tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun skuli ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Því sé nefndinni send kærana til meðferðar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 2012, sendi úrskurðarnefndin kærana til umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar og Skjásins ehf., og sendi afrit af þeim bréfum til Lýðræðishreyfingarinnar til upplýsingar. Jafnframt hafa Lýðræðishreyfingunni ítrekað verið sendar upplýsingar um ógreitt málskotsgjald með tölvubréfum. Í tölvubréfi Lýðræðishreyfingarinnar til nefndarinnar frá 3. apríl 2012 kom fram sá skilningur hreyfingarinnar að íslenska ríkið ætti að bera málskostnað nefndarinnar vegna meðferðar á kærinni, þar sem erindið hafi verið sent innanríkisráðuneytinu til meðferðar.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála getur ekki fallist á ofangreindan skilning Lýðræðishreyfingarinnar. Í 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er mælt fyrir um að með kærnu *fjarskiptafyrirtækis* og/eða póstrekkanda til úrskurðarnefndar skuli fylgja málskotsgjald að upphæð 150.000 kr. sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni. Jafnframt er tekið fram að úrskurðarnefnd skuli ekki taka kærnu til meðferðar nema málskotsgjald fylgi. Í 2. mgr. 6. gr. er tekið fram að *notendum* fjarskiptaþjónustu og Póst- og fjarskiptastofnun verði ekki gert að greiða málskotsgjald.

Að mati úrskurðarnefndar er nefndinni ekki heimilt að taka kæru Lýðræðishreyfingarinnar til meðferðar fyrr en málskotsgjald hefur verið greitt, enda fellur hreyfingin ekki undir undanþágu 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009, sbr. 11. og 15. tl. 3. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti, sbr. sbr. hins vegar 21. tl. ákvæðisins.

Með vísan til framangreinds mun úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála ekki taka stjórnslukæru Lýðræðishreyfingarinnar, dags. 9. janúar 2012, til efnislegrar meðferðar þar sem málskotsgjald hefur ekki borist.

Virðingarfyllst,

f.h. úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála


Jóna Björk Helgadóttir hdl., formaður

Afrit:

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Björns Geirssonar
Suðurlandsbraut 4, 2. h.
108 Reykjavík

Innanríkisráðuneytið
b.t. Birnu Hreiðarsdóttur
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík